

8. - 10.
bekkur

Fjöldi
12+

45
mín.

Ótakmarkað frelsi?

Þátttakendur kanna hugmyndir um ótakmarkað tjáningarfrelsi með því að skoða nokkur dæmi um orðræðu á netinu. Rætt er saman í hópum um það hvort innlegg eða samskipti sem eru umdeild séu meiðandi eða mögulega hættuleg.

Þema	Tjáningarfrelsi, lýðræði, þátttaka og mannréttindi.
Aldur	8. – 10. bekkur.
Stærð hóps	12 – 20 einstaklingar.
Tími	45 mínútur.
Markmið	<ul style="list-style-type: none">• Kynnast hugtakinu tjáningarfrelsi.• Öðlast skilning á mikilvægi tjáningarfrelsis – fyrir einstaklinga og þjóðfélagið.• Skoða í hvaða tilfellum þurfi að takmarka tjáningarfrelsi til að stuðla að mannréttindum, sérstaklega þegar um hatursáróður er að ræða.
Efniviður	<ul style="list-style-type: none">• Kennslufla og skrifæri.• Útprintuð fylgigögn með dæmum.
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none">• Prenta út fylgigögn (eitt eintak er nóg fyrir hvern hóp).

Kennsluleiðbeiningar

1. Gott er að hefja umræðuna á að spyrja þátttakendur hvað tjáningarfrelsi þýði fyrir þau sem einstaklinga. Safna þarf öllum hugmyndum saman og skrifa upp á töfluna. Eftirfarandi punkta er gott að styðjast við til þess að hefja umræðurnar:
 - Þýðir tjáningarfrelsi að við höfum rétt á því að segja hvað sem við viljum?
 - Ef þú telur að banna þurfi einhvers konar tjáningu, hvernig getum við ákveðið hvað eigi að banna? Hver á að taka ákvörðun um það?
 - Að töluðu og skrifuðu máli undanskyldu, hvaða aðrar leiðir eru í boði til að tjá sig? (Tónlist, leikrit, myndir, líkamsstaða).
- 2.



3. Safnaðu saman hugmyndum nemenda og útskýrðu að þetta séu allt umdeildar spurningar sem verði skoðaðar nánar í þessu verkefni. Ekki reyna að leysa vandamálin á þessu stigi.
4. Athugaðu á meðal þátttakenda hvort einhverjum hafi verið bannað að segja eitthvað sem þeir vildu koma á framfæri – heima, í skólanum eða á öðrum stöðum.
 - Hvernig leið þér þegar þér var bannað að segja eitthvað?
 - Af hverju var það mikilvægt að þú fengir að segja þína skoðun?
5. Tjáningarfrelsi er verndað í 73. grein stjórnarskrárinnar og hljóðar hún svo:
 - Allir eru frjálisir skoðana sinna og sannfæringar.
 - Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.
 - Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna og vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.
6. Útskýrðu fyrir þátttakendum að þeir eigi eftir að vinna í litlum hópum (4-5 í hverjum hópi). Í hópunum eiga þeir að ræða nokkur tilfelli þar sem hatursáróður er settur inn á netið. Hópurinn þarf í sameiningu að komast að niðurstöðu um hvort taka eigi áróðurinn út af netinu eða ekki. Hóparnir þurfa að rökstyðja ákvörðun sína.
 - Ef hópurinn ákveður að taka eigi umræður út af netinu: Hvað á að taka út og af hverju?
 - Ef hópurinn ákveður að ekki eigi að taka umræður út af netinu: Hvað annað er hægt að gera og hver á að framkvæma það?
7. Þátttakendum er skipt í 4 – 5 manna hópa og fá þeir afhent afrit af dæmunum sem nálgast má í **fylgigögnum**. Hóparnir fá 20 mínútur til að ræða öll dæmin. Hver hópur þarf að taka ákvörðun um hvert dæmi og rökstyðja ákvörðun sína.

Samantekt

Hérna gefst hópunum tækifæri að koma svörum sínum á framfæri. Svör hvers hóps eru skrifuð niður við hvert dæmi og rætt er um af hverju hópurinn vildi taka þessa ákvörðun. Eftirfarandi spurningar geta nýst til að draga fram aðalatriðin:

- Voru einhver dæmi þar sem hópurinn komst ekki að niðurstöðu? Hver voru helstu ágreiningsefni hópmeðlima?
- Skipti máli hver var ábyrgur fyrir innlegginu? Skipti máli hversu margir svöruðu eða hvernig þeir svöruðu?



- ORDUM FYLGIR ÁBYRGÐ

- Komust þið að niðurstöðu í hvaða tilfellum skerða ætti tjáningarfrelsi? Eru einhverjar hættur sem fylgja því að skerða tjáningarfrelsi of mikið? Hvað með ef enginn gerir neitt í málunum og fólki er frjálst að segja hvað sem er?
- Haldið þið að það sé áhrifarík leið að loka heimasíðum eða taka út meiðandi innlegg í baráttunni við hatursáróður á netinu?
- Eru einhverjar takmarkanir á því hvað einstaklingar mega segja á Íslandi? Eru reglurnar mismunandi eftir því hvort ummæli eru á netinu eða ekki?

Ábendingar fyrir leiðbeinendur

- Þegar hóparnir ræða hvert tilfelli fyrir sig er hægt að benda þeim á að hugleiða hversu mikið efni þeir vilja taka af vefnum, ef þeir ákveða að gera það. Til dæmis: á að taka alla síðuna? Á að fjarlægja eitt innlegg/myndband eða á að banna notandann sem setur inn meiðandi innlegg?
- Gott er að benda þátttakendum á að Mannréttindadómstóll Evrópu lítur það mjög alvarlegum augum ef tjáningarfrelsi er takmarkað. Eingöngu má takmarka tjáningarfrelsi ef brýn þörf er á, til dæmis ef heilsu einhvers er ógnað.
- Þegar hóparnir hafa rætt sínar niðurstöður er gott að athuga meðal þátttakenda hvort umræðurnar hafi hjálpað þeim að mynda sér skoðun og hvað það segir okkur um tjáningarfrelsi.
- Áður en verkefni hefst er gott að afla sér upplýsinga um hvort einhver af dæmunum sem lögð eru fyrir nemendur séu ólögleg á Íslandi.

Fylgigögn



Hópur sem nefnist „Endurheimtum þjóðarstoltið“ setur upp heimasíðu og vill endurheimta „hefðbundin gildi“. Mörg innlegg bera með sér kynþáttahatur. Á heimasíðunni er mikið um svör við innleggjum og heitar umræður. Í sumum umræðunum er notað meiðandi orðfæri og er stór hópur þeirra sem skilur eftir umræður á móti hugmyndafræði síðunnar.

- Ætti að fjarlægja eitthvað af síðunni? Ef svo er, hversu mikið?
- Ef ekki á að fjarlægja neitt, hvað er þá hægt að gera í stöðunni?

Þekktur stjórnmalamaður notar heimasíðu sína til að berjast fyrir því að útlendingar verði sendir úr landi. Jafnframt telur hann þá vera ástæðuna fyrir hærri glæpatíðni í landinu. Í kjölfarið beinast nokkrar árásir gegn útlendingum í landinu. Fjölmiðlar birta í kjölfarið fréttir og umfjallanir þar sem útlendingar fremja glæpi en birta ekkert um glæpi sem verið er að fremja gegn útlendingum.

- Ætti eitthvað að vera fjarlægt af síðunni? Ef svo er, hversu mikið?
- Ef ekki á að fjarlægja neitt, hvað er þá hægt að gera í stöðunni?

Á heimasíðu einstaklings birtist skopmynd af þekktum stjórnmalamanni. Á myndinni eru hendur stjórnmalamannsins þaktar í blóði og liggja lík í kringum hann. Margir hafa séð myndina og skilið eftir ummæli. Flestum sem skilja eftir ummæli þykir þetta fyndið og eru með því að samþykkja birtingu á myndinni.

- Ætti að fjarlægja eitthvað af síðunni? Ef svo er, hversu mikið?
- Ef ekki á að fjarlægja neitt, hvað er þá hægt að gera í stöðunni?

Helga setur myndband inn á prófílinn sinn á samfélagsmiðli. Í myndbandinu er gert grín að fötluðum einstaklingum. Tölfræði síðunnar sýnir að nánast enginn hefur séð myndbandið og hafa engin ummæli verið skilin eftir við það.

- Ætti að fjarlægja eitthvað af síðunni? Ef svo er, hversu mikið?
- Ef ekki á að fjarlægja neitt, hvað er þá hægt að gera í stöðunni?

Blaðamaður sér myndbandið umrædda (í dæmi 4) og byrjar herferð í þeirri von um að ná að taka niður prófílinn hennar Helgu þar sem myndbandið birtist. Í staðinn fær myndbandið mikið áhorf og ummæli á borð við „þetta er eitt besta myndband sem ég hef séð“ streyma inn.

- Ætti að fjarlægja eitthvað af síðunni? Ef svo er, hversu mikið?
- Ef ekki á að fjarlægja neitt, hvað er þá hægt að gera í stöðunni?